

Skattrannsóknarstjóri ríkisins
09 215

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Skattrannsóknarstjóri ríkisins

Kt. 410293-2189

Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skattrannsóknarstjóri er ríkisaðili í A-hluta sem fer með rannsóknir á brotum á lögum um bókhald og lögum um ársreikninga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 414,3 milljónir og afkoma kr. -4,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 31,5 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 93,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Skattrannsóknarstjóra ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Skattrannsóknarstjóra ríkisins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Bryndís Kristjánsdóttir

Skattrannsóknarstjóri

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	407.800.000	380.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.464.327	5.723.145
Tekjur samtals		<u>414.264.327</u>	<u>386.023.145</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	366.053.333	349.805.079
Annar rekstrarkostnaður	4	46.147.420	34.798.654
Afskriftir	5	6.464.327	5.723.145
Gjöld samtals		<u>418.665.080</u>	<u>390.326.878</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(4.400.753)	(4.303.733)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(8.231)	(9.502)
		<u>(8.231)</u>	<u>(9.502)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(4.408.984)</u></u>	<u><u>(4.313.235)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður		18.875.980	23.333.221
Farartæki og vélar		3.441.566	4.153.613
		<u>22.317.546</u>	<u>27.486.834</u>
Fastafjármunir samtals		<u>22.426.379</u>	<u>27.681.360</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	7	71.504.099	73.195.579
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		15.077	10.780
Handbært fé		0	529.090
		<u>71.519.176</u>	<u>73.735.449</u>
Veltufjármunir samtals		<u>71.519.176</u>	<u>73.735.449</u>
Eignir samtals		<u>93.945.555</u>	<u>101.416.809</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Hrein eign		<u>31.527.281</u>	<u>35.936.265</u>
Eigið fé samtals		<u>31.527.281</u>	<u>35.936.265</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	7	0	86.027
Viðskiptaskuldir	9	1.526.176	4.031.510
Ýmsar skammtímaskuldir	10	39.281.234	36.387.816
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	21.610.864	24.975.191
		<u>62.418.274</u>	<u>65.480.544</u>
Skuldir samtals		<u>62.418.274</u>	<u>65.480.544</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>93.945.555</u>	<u>101.416.809</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(4.408.984)	(4.313.235)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	6.464.327	5.723.145
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.464.327)	(5.723.145)
		<u>(4.408.984)</u>	<u>(4.313.235)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(4.297)	4.053.177
Tengdir aðilar		1.605.453	11.829.788
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		388.084	(8.457.154)
		<u>1.989.240</u>	<u>7.425.811</u>
		<u>(2.419.744)</u>	<u>3.112.576</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		0	(257.106)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	(1.209.346)	(5.449.063)
		<u>(1.209.346)</u>	<u>(5.706.169)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		3.100.000	3.000.000
		<u>3.100.000</u>	<u>3.000.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(529.090)	406.407
		<u>529.090</u>	<u>122.683</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>529.090</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	407.800.000	383.300.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(3.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	407.800.000	380.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.464.327	5.723.145
	<u>414.264.327</u>	<u>386.023.145</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	407.800.000	0	0	407.800.000
Fjárveiting til tekna	407.800.000	0	0	407.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(412.208.984)	0	0	(412.208.984)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(4.408.984)	0	0	(4.408.984)

	2019	2018
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	293.405.979	279.435.469
Orlof, breyting	1.945.176	2.668.831
Launatengd gjöld	66.885.780	64.513.624
Starfsmannakostnaður	3.816.398	3.187.155
	<u>366.053.333</u>	<u>349.805.079</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	27,7	26,0

Skýringar

	2019	2018
4 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.157.724	1.089.596
Byggingarvörur, almennar	0	158.540
Tæki og búnaður til innréttinga	22.190	0
Ýmis tæki og áhöld	1.067.760	968.520
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.100	0
Orkugjafar	466.227	489.513
Matvæli	3.325.098	2.746.032
Almennar rekstrarvörur	391.604	516.848
Vörukaup, almenn	6.431.703	5.969.049
Ýmsar sérgreindar vörur	12.900	0
Vörukaup, sérgreind	12.900	0
Fundir, námskeið, risna	1.241.896	189.020
Ferðir, uppihald	2.401.527	3.315.768
Akstur	(2.110)	61.977
Sérfræðiþjónusta	4.756.708	5.103.784
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	20.895	26.630
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	704.849	1.283.070
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.082.481	1.553.030
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	10.206.246	11.533.279
Afnotagjöld	3.869.098	2.458.621
Leigugjöld	20.271.820	9.395.932
Notkun véla og flutningatækja	0	22.420
Verkkaup	2.656.971	3.373.603
Kostnaðarhlutdeild	2.563.615	1.943.352
Áhættutap og bætur	28.000	0
Tryggingar, lögboðnar	85.165	81.044
Opinber gjöld	21.902	21.354
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	29.496.571	17.296.326
Annar rekstrarkostnaður samtals	46.147.420	34.798.654
	2019	2018
5 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	5.666.587	4.948.518
Farartæki og vélar	712.047	712.047
Niðurfærsla óefnislegra eigna	85.693	62.580
	6.464.327	5.723.145

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018	
1 Óefnislegar eignir			
Óefnislegar eignir	108.833	194.526	
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		Hugbúnaður	
Stofnverð 1.1.2019		257.106	
		<u>257.106</u>	
Niðurfært 1.1.2019		62.580	
Niðurfærsla ársins		85.693	
		<u>148.273</u>	
Staða 31.12.2019		<u>108.833</u>	
 6 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	18.875.980	23.333.221	
Farartæki og vélar	3.441.566	4.153.613	
	22.317.546	27.486.834	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019	55.938.577	8.120.506	64.059.083
Viðbætur á árinu	1.209.346	0	1.209.346
	<u>57.147.923</u>	<u>8.120.506</u>	<u>65.268.429</u>
Afskriftir 1.1.2019	32.605.356	3.966.893	36.572.249
Afskrift ársins	5.666.587	712.047	6.378.634
	<u>38.271.943</u>	<u>4.678.940</u>	<u>42.950.883</u>
Staða 31.12.2019	<u>18.875.980</u>	<u>3.441.566</u>	<u>22.317.546</u>
 7 Tengdir aðilar		31.12.2019	31.12.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.			
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	71.504.099	46.094.311	
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga		27.101.268	
		<u>71.504.099</u>	<u>73.195.579</u>
 <i>Skuldir við tengda aðila:</i>			
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	0	86.027	
	<u>0</u>	<u>86.027</u>	

Skýringar

8 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	35.936.265	40.249.500
Afkoma ársins	(4.408.984)	(4.313.235)
Jöfnuður 31.12.	<u>31.527.281</u>	<u>35.936.265</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

	31.12.2019	31.12.2018
9 Viðskiptaskuldir		
Viðskiptaskuldir	1.526.176	
	<u>1.526.176</u>	<u>0</u>

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	39.114.192	
Ógreidd laun	0	36.387.816
Önnur ógreidd gjöld	167.042	
	<u>39.281.234</u>	<u>36.387.816</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	22.426.379	27.681.360
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(815.515)	(2.706.169)
	<u>21.610.864</u>	<u>24.975.191</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	27.681.360	(2.706.169)	24.975.191
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	3.100.000	3.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	1.209.346	(1.209.346)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.464.327)	0	(6.464.327)
	<u>22.426.379</u>	<u>(815.515)</u>	<u>21.610.864</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 5,1 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæðitil ársloka 2020 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næsta árs. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 20,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 2,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.